

EFTIRLITSSKÝRSLA

Matfugl - Melavellir Melavellir, Kjalarnes



Dags eftirlits	10.8.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Matfugl - Melavellir	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Völuteigur 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	471103-2330	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Tómas Jónsson	ÍSAT nr.	10.12.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirliti. Grænu bókhaldi 2020 var skilað of seint og Útstreymisbókhaldi 2020 var skilað of seint.

Bent er á ábyrgð rekstraraðila að fræða skal notendur húsdýraáburðar frá búinu og gera skriflegan samning við þá um ábyrga notkun.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit með þauleldi Matfugls ehf. á Melavöllum á Kjalarnesi.

Rekstraraðili er með starfsleyfi gefið út af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur þann 3. apríl 2017 sem gildir til 2029. Heimilt er að endurskoða starfsleyfið á fjögurra ára fresti.

Hámarksstærð búsins er gefin upp 132 000 eldisstæði. Framleitt er kjúklingakjöt til manneldis.

Umhverfisstofnun tók við eftirliti með búinu árið 2018 og hefur árlega farið í eftirlit, en tíðni eftirlita byggir á áhættumat eins og reglugerð nr. 550/2018 gerir kröfur um.

Fulltrúi rekstraraðila var Tómas Jónsson gæðastjóri Matfugls en Gottskálk Friðgeirsson var eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Vettvangsferð
- Fundur
 - Olíumannvirki – olíugeymar á búinu
 - Kröfur í starfsleyfi
 - Sóttmenguð dýrahæ – CAT2 úrgangur
 - Nýjar kröfur í BAT niðurstöðum (besta aðgengilega tækni á búinu)
 - Hættuleg efni og efnageymslur
 - Umgengni og aðkoma
 - Áhættumat 2021 sem stýrir tíðni eftirlita
 - Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

Fimm frávikum fyrri ára hefur öllum verið lokað þar sem úrbætur hafa verið gerðar. Orðið hefur verið við ábendingu um merkingu hrægáms á búinu.

1. Í vettvangsferð hjá Matfugli á Melavöllum var skoðuð umgengni og aðkoma að búinu, umbúnað um olíugeymi, niðurföll í malbikuðu plani við olíugeymi, merkingar á hrægámi. Rekstraraðili ætlar að fara yfir lagnateikningar fyrir malbikuð svæði og gera ráðstafanir þannig að óhapp / yfirfylling á olíugeyminn valdi ekki skaða í frærensli ofanvatns.

2a. Á Melavöllum er einn 1100 lítra olíugeymir nr. 688, sem notaður er til áfyllingar á vélar og tæki. Gögnum um olíugeyminn verður komið til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur sem er ábyrgt fyrir skráningu olíugeyma á svæði heilbrigðisnefndar Reykjavíkursvæðis.

2b. Farið var yfir kröfur sem gerðar eru til fyrirtækja í mengandi starfsemi (þauleldi).

Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar svo alifuglum, úrgangi, efnum, útbúnaði, tækjum, húsnæði, rekstrarsvæði, geymum, lögnum og menguðum jarðvegi sé ráðstafað á viðurkenndan hátt, viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar og áætlun um nýtingu húsdýraáburðar.

Eftirlitsaðili getur krafist mælinga á magni köfnunarefnis í húsdýraáburði sem notaður er sem áburður.

Rekstraraðili flytur allan húsdýraáburð sem verður til á Melavöllum að Hurðarbaki í Hvalfjarðarsveit þar sem haughús hefur verið útbúið og bændur í nágrenninu geta sótt sér áburð. Bent er á ábyrgð rekstraraðila og að fræða skal notendur skítsins og gera skriflegan samning við þá um ábyrga notkun.

Skila skal grænu bókhaldi árlega fyrir 1. maí ár hvert. Grænt bókhald rekstraraðila fyrir árið 2020 barst 20. júlí sl. og endurskoðað bókhald 30. ágúst sl. sem er frávik frá kröfum í reglugerð.

Skila skal ústreymsibókhaldi árlega fyrir 1. maí ár hvert. Ústreymsibókhald rekstraraðila fyrir árið 2020 barst þann 9. júní sl. sem er frávik frá kröfum í reglugerð.

Tilkynna skal til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ef húsfjáraburði er dreift á land við Melavelli.

Kafli 5.1 í starfsleyfisskilyrðum fjallar um skráningar rekstraraðila. Ítarlegar kröfur eru um skráningar í fyrirtækinu. Skrá skal fjölda fugla og heilbrigði ásamt afföllum, fóðurnotkun og fóðurgerð, vatnsnotkun, eftirlit, viðhald og bilanir í hreinsibúnaði í frárennsli, innkaup efna og lyfja, og skil á spilliefnum og úrgangi til aðila sem hafa til þess leyfi að taka við efnunum. Skrá skal óhöpp og kvartanir. Allar þessar upplýsingar er að finna í grænu bókhaldi rekstraraðila.

2c. Farið var yfir kröfur til förgunar á aukaafurðum dýra og afleiddum afurðum (hræ af sjálfdaudum og sýktum kjúklingum). Eins og fram kemur að ofan er búið að merkja gáminn með merkingunni CAT-2. Semja skal við aðila sem hefur aðstöðu og heimildir til að farga þessum úrgangi.

2d. Áætlun rekstraraðila og staða gagnvart nýjum kröfum sem koma til við innleiðingar á bestu aðgengilegu tækni (BAT niðurstöður) liggur fyrir gagnvart mörgum kröfunum.

- Gagnvart BAT6, þ.e. aðferðum til að draga úr myndun skólps er:
 - allt frárennsli leitt í settank og þaðan í siturbeð. Tankurinn er hreinsaður reglulega þannig að engin mengun berst frá honum.
 - sparlega farið með vatn og engin óþarfa vatnsnotkun.
 - regnvatni haldið aðskildu frá skólpi.
- Gagnvart BAT7, þ.e. aðferðum til þess að draga úr losun í vatn er:
 - allt skólp leitt í settank og siturbeð
 - hreinsun skólps fer fram í fellitanki og siturbeði
 - settankurinn tæmdur eftir þörfum og sér verktaki um þá tæmingu. Farið er með uppdælt efni beint á urðunarstað í Álfsnesi eða Fíflholti og þannig komið í veg fyrir að efni úr frárennsli geti borist út í náttúruna og valdið mengun.
- Gagnvart BAT10, þ.e. aðferðum til þess að draga úr hávaða er:
 - búið afskekkt og langt í næstu byggð þannig að hávaðamengun frá starfsemi verður ekki vart í næstu byggð.
 - fóðursíló staðsett við hlið húsa og lengd fóðurröra því eins stutt og mögulegt er. Fóðursíló eru það stór að fóðurmagn dugar í langan tíma. Það lágmarkar hreyfingu ökutækja á búinu.
 - almennar umgengis- og verklagsreglur taka mið af þessum BAT-viðmiðum. Alifuglahús í notkun eru alltaf lokuð, ljós í eldissölum eru slökkt að næturlagi og því engin fóðurnotkun á þeim tíma.
 - við val á búnaði er haft að leiðarljósi að hann sé hjóðlátur.
- Gagnvart BAT11, þ.e. aðferðum til þess að draga úr myndun ryks er:
 - notast við rykhreinsaðann hefilsþæni í undirburð
 - fuglarnir hafa frjálstan aðgang að fóðri
 - notað kögglad fóður
 - rykskiljur á öllum fóðursílóum
- Gagnvart BAT13, þ.e. aðferðum til að draga úr lykt og áhrifum lykta er:
 - aðgangur fuglanna að vatni er í gegnum vatnslínur með drykkjarnipplum. Undir hverjum og einum nippli er dropabakki sem tekur við þeim dropum sem kunna að leka niður. Fóður er skammtað í fóðurþönnur með sjálfstýrandi innrennsli og eru aldrei yfirfullar. Þykkt lag af hefilsþæni er sett á gólf í upphafi sem dugar til að halda fuglum þurrum og hreinum allan eldistímann. Varabirgdir eru til staðar ef ske kynni að bæta þyrfti við spæni.
 - húsdýraáburður fjarlægður eftir hvern eldishóp.
 - lofttræsting ákvarðast af loftþæsiþörf vegna hita og loftgæða í eldisrýminu.
 - öllu lofti blásið út um loftúður á mæni. Túðurnar standa ca. 1,5m upp úr þakinu.
 - afköst blásara mikil þannig að ekki er talin ástæða að auka hann frekar
 - allur húsdýraáburður geymdur undir yfirbreiðslu eða í rými með þaki.
 - svæðið flatt og staðsetning innan svæðis er talinn áhrifavaldur. Lykt frá geymslu á kjúklingaskít hefur ekki verið vandamál og því ekki ástæða til sérstakra aðgerða til að draga úr vindhraða.
 - ef því er viðkomið er húsdýraáburði blandað í jarðveginn eins fljótt og unnt er.
- Gagnvart BAT14, þ.e. aðferðum til þess að draga úr losun ammóníaks er:
 - haugnum hlaðið upp og passað að dreifa ekki úr honum að öþörfu.
 - þurr húsdýraáburður í föstu formi geymdur í geymsluhúsi.
- Gagnvart BAT15, þ.e. aðferðum til þess að draga úr losun í jarðveg eða vatn frá geymslu húsdýraáburðar er:
 - þurr húsdýraáburður í föstu formi geymdur í geymsluhúsi.
 - húsdýraáburður í föstu formi geymdur á gegnheilum, ógegndræpum gólfum sem eru búin frárennsliskerfi og söfnunartanki fyrir afrennslið.
 - húsdýraáburður í föstu formi geymdur í haughúsi eða í haugum á opnu svæði sem er staðsett fjarri vatnsföllum á yfirborðinu og/eða vatnsföllum neðanjarðar sem fljótandi afrennsli gæti borist í.
- Gagnvart BAT20, þ.e. aðferðum til þess að koma í veg fyrir eða draga úr losun köfnunarefnis, fosfórs og sjúkdómsvaldandi örvera í jarðveg og vatn frá dreifingu húsdýraáburðar er:
 - við dreifingu er landið sem taka á við honum metið og leitað hefur verið til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) til þess að fá álit búnaðarráðunautar á landi þar sem dreifa á hæsnaskít á.
 - við dreifing er miðað við að lágmarksfjarlægð að viðkvæmum svæðum eins og ám og skurðum séu 10 metrar.
 - við dreifingu á húsdýraáburði er tekið tillit til ástands lands, t.d. ekki leyfilegt að dreifa húsdýraáburði á tímabilinu 1.10.-15.03.
 - tíðni og magn húsdýraáburðar stillt af. Skv. ákvæðum í núgildandi starfsleyfi, má dreifa að hámarki 170 kg N/ha/ári. Fosfór binst fast í íslenskum jarðvegi og því hætta að hann skolist út. Dreifing áburðar er í samræmi við viðurkennd viðmið og starfsreglur um góða búskaparhætti.
 - tekið mið af næringarþörf uppskerunnar.
 - landið, sem borið er á, athugað reglulega til að greina ummerki um afrennsli og brugðist við á tilhlýðilegan hátt þegar nauðsyn krefur.
 - góður aðgangur er að hauggeymslunni og aðstæður góðar við meðhöndlun áburðarins.
 - notast við sérhæfðan dreifara til dreifingar á húsdýraáburði. Umsjónarmaður sér um að viðhald og stillingar séu í góðu lagi.
 - Gagnvart BAT22, þ.e. aðferðum til þess að draga úr losun ammóníaks frá dreifingu húsdýraáburðar er:
 - áburðurinn er plægður ofan í jarðveginn þegar það á við. Notaður er aftur- og hliðardreifarar sem dregnir eru af traktor. (e. rear-discharge spreader og dual-purpose spreader)

2e. Við þrif á húsum eru notaðar sápur og sóttþreinsivörur. Lítið magn hættulegra efna er í efnageymslum.

2f. Utandyra er snyrtilegt um að litast. Ekki eru gerðar athugasemdir við umgengni og aðkomu að búinu.

2g. Í áhættumati til ákvörðunar á hversu oft skal koma í eftirlit sem gert var árið 2020 fékkst út einkunnin 12 og því árleg eftirlit. Í eftirlitinu var farið yfir áhættumatið með rekstraraðila en nýtt áhættumat verður gert á haustmánuðum áður en fyrir liggur áætlun Umhverfisstofnunar um eftirlit næsta árs.

2h. Engin óhöpp eða menqunarslys hafa orðið á árinu og engar kvartanir borist vegna starfseminnar.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

ákvæðum í reglugerð nr. 851/2002 og grein 5.2 í starfsleyfisráðgjörðum um skil á grænu bókhaldi Grænt bókhald barst ekki fyrir 1. maí eins og tilskilið er. Grænt bókhald barst 20. júlí sl. og því er frávikinu lokað.


ákvæðum í reglugerð nr. 990/2008 og grein 5.2 í starfsleyfisráðgjörðum um skil á útstreymisbókhaldi Útstreymisbókhald barst ekki fyrir 1. maí eins og tilskilið er. Útstreymisbókhald barst 9. júní sl. og því er frávikinu lokað.

ÁBENDINGAR

Bent er á ábyrgð rekstraraðila að fræða skal notendur húsdýraáburðar frá búinu og gera skriflegan samning við þá um ábyrga notkun.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.10.2021



Gottskálk Friðgeirsson

